



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 19. mars, 2010

Ákvörðun nr. 5/2010

Samruni Ívars ehf. og Lýsis hf.

Með bréfi dags. 11. febrúar 2010 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup fjárfestingarfélagsins Ívar ehf. (hér eftir Ívar) á 84% hlutafjár í Lýsi hf. (hér eftir Lýsi). Ívar er í óbeinni eigu Fram ehf. (hér eftir Fram). Samkvæmt samrunaskránni voru kaupsamningur og afsöl dagsett 29. desember 2008. Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna. Samkeppniseftirlitið mun í sérstöku máli taka til rannsóknar hvort brotið hafi verið gegn 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. g lið 37. gr. laganna.

Fram er fjárfestingarfélag sem á hluti í ýmsum félögum. Helstu fjárfestingar félagsins eru 30% eignarhlutur í Þórsmörk ehf. sem á allt hlutafé Árvakurs hf. útgáfufélags Morgunblaðsins. Þá er 88% eignarhlutur í Ísfélagi Vestmannaeyja í eigu Fram. Samkvæmt heimasíðu Ísfélags Vestmannaeyja er félagið með töluverða aflahlutdeild í ýmsum fisktegundum, m.a. þorski, ýsu og ufsa. Samkvæmt upplýsingum sem nálgast má á vef Fiskistofu fékk Ísfélag Vestmannaeyja úthlutað 2,54% af heildaraflamarki í þorskígildistonnum fyrir fiskveiðiárið 2009-2010.¹

Lýsi framleiðir ýmsar vörur skv. samrunaskrá. Fram kemur í samrunaskrá að fyrir utan hið hefðbundna þorskalýsi sem selt sé í íslenskum dagvöruverslunum framleiði Lýsi umtalsvert magn fiskiolía til útflutnings. Jafnframt kemur fram í samrunaskránni að samrunaaðilar telja að samruninn muni hafa óveruleg áhrif á samkeppni enda keppi samrunaaðilar ekki á sama markaði auk þess sem viðskipti á milli þeirra eru óveruleg.

Með hliðsjón af öllu því sem að framan er rakið og atvikum öllum í máli þessu telur Samkeppniseftirlitið ekki sé ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.

¹ Sjá vef Fiskistofur. Slóðin er <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaheimildir/uthlutadaflamark/> [sótt 18. febrúar]



Ákvörðunarorð:

„Kaup fjárfestingarfélagsins Ívar ehf. á 84% hlutafjár í Lýsi hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson